

Nd.

680. Nefndarálit

[372. mál]

um frv. til l. um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nú liggur ljóst fyrir að frumvarpsflutningur ríkisstjórnarinnar um bann við verkfalli mjólkurfræðinga hefur verið frumhlaup og hleypt kjaradeilunni í enn verri hnút en fyrir var. Allt bendir til að ekki hafi verið fullreynt um samkomulag, enda telur forseti ASÍ að ótímabært sé að vísa málinu í gerðardóm.

Í annan stað eru hendur kjaradóms algerlega bundnar varðandi efnisniðurstöðu skv. 2. gr. frumvarpsins og með henni er tekin afstaða með öðrum aðilanum, vinnuveitendum. Undirritaður leitaði eftir því í nefndinni að 2. gr. yrði umorðuð þannig að kjaradómur hefði svigrúm til þess að meta launakjör mjólkurfræðinga með hliðsjón af þeim kjörum sem um hefur samist hjá öðrum hliðstæðum starfsstéttum í þjóðfélaginu. Þessari umleitan var hafnað af meiri hl. nefndarinnar.

Undirritaður telur að við þessar aðstæður sé einsýnt að ríkisstjórnin beri ein ábyrgð á þessari lagasetningu sem hér um ræðir og mun því ekki greiða atkvæði um frumvarpið.

Alþingi, 24. mars 1986.

Kjartan Jóhannsson.